

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Þann 15. apríl sl. barst Landgræðslunni, frá nefndasviði Alþingis, til umsagnar frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 712. mál.

Landgræðslan starfar eftir lögum um landgræðslu nr. 155/2018. Markmið þeirra laga er að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Umsögn stofnunarinnar er unnin með þetta að leiðarljósi. Landgræðslan fagnar því frumvarpi sem hér er lagt fram. Sú ætlan stjórnvalda að sameina í einn lagabálk þá ferla er snúa að mati á umhverfisáhrifum áætlana annars vegar og einstakra framkvæmda hins vegar er til einföldunar og samræmingar.

Þá er ljóst af lestri frumvarpsins að matsferli samkvæmt lögunum er til muna einfaldað og skýrt, sem og að tímafrestir og aðkomumöguleikar stofnana, fyrirtækja og alls almennings eru mikið fyrirsjáanlegri og eðlilegri en eru samkvæmt gildandi lögum. Allt ferli ákvarðana er fyrirsjáanlegra en það er alveg óhætt að segja það að svo sé ekki samkvæmt gildandi lögum og erfitt að rata um ranghala flókens umsagnar- og samráðsferlis sem stundum virðist síendurtekið.

Landgræðslan vill einungis koma á framfæri ábendingum við einn þátt hins fyrirliggjandi frumvarps; lið 1.05 í 1. viðauka. Í þeim lið kemur fram að uppgræðsla á verndarsvæðum falli í B-flokk – flokk tilkynningarskyldra framkvæmda.

Í athugasemdum við fyrirliggjandi frumvarp segir um lið 1.05:

„Í lið 1.05 er lagt til að uppgræðsla lands á verndarsvæðum verði tilkynningarskyld. Framkvæmdaflokkurinn á sér ekki samsvörun í II. viðauka í tilskipun 2011/92/ESB, en lagt er til að hann verði óbreyttur frá tölul. 1.08 í 1. viðauka við lög nr. 106/2000. Með uppgræðslu lands er átt við landgræðslu eins og hún er skilgreind í lögum um landgræðslu, nr. 155/2018.“ Landgræðslan bendir til hliðsjónar á umsögn sína um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð – 369. mál, dags. 1. febrúar 2021, en þar er m.a. fjallað um áhrif þess á uppgræðsluframkvæmdir að gera stærstan hluta hálendis landsins að þjóðgarði. Athugasemdir stofnunarinnar hvað varðar lið 1.05 (lið 1.08 í gildandi lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000) eiga við óháð stofnun Hálendisþjóðgarðs.

Landgræðslunni er falið það verkefni, af hendi ríkisins, að leiða aðgerðir tengdar vernd og endurheimt landgæða. Verkefni stofnunarinnar eru ærin á þessum vettvangi enda hefur aldangt samspil manns og náttúru orðið til þess að jarðvegur og náttúrulegar gróðurlendur

hafa víða tapast. Í áður nefndir umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð segir m.a:

„Eins og af ofanrituðu má sjá er mikil áhersla lögð á endurheimt landgæða í fyrirhuguðum þjóðgarði, enda verkefnin brýn og ófá. Landgræðslan fagnar því mjög enda væru miklar takmarkanir á heimildum til endurheimtar vistkerfa á miðhálandinu óásættanlegar með öllu en víða á hálandinu eru landfræðileg skilyrði með þeim hætti að gróðurfar á þar alla möguleika á að vera gróskumeira en raun ber vitni. Aldalengt samspil manns og náttúru hefur víða orðið til þess að jarðvegur og náttúruleg gróðurlendi hafa tapast. Gríðarstórt verkefni bíður og ef af stofnun Hálendisþjóðgarðs verður þá eru allir möguleikar á að endurheimt vistkerfa í gegnum fjölbreyttar landgræðsluaðferðir, samræmist vel öðrum þeim þáttum sem vonir eru bundnar við að felist í þjóðgarðinum

Það skal hér upplýst að á síðustu 30 árum hefur Landgræðslan staðið fyrir landgræðsluverkefnum sem taka til tæplega 22.000 ha innan fyrirhugaðra marka þjóðgarðsins. Hér er um að ræða verkefni sem Landgræðslan hefur unnið á eigin vegum, verkefni sem hafa hlotið styrki úr sjóðum á vegum stofnunarinnar – oft upprekstrarfélög sem og verkefni unnin í tengslum við – og til mótvægis við – virkjunarframkvæmdir.

Verði Hálendisþjóðgarður að veruleika lenda fjölmörg aðgerðarsvæði Landgræðslunnar þar innan. Að óbreyttu mun þannig liður 1.08 (Uppgræðsla lands á verndarsvæðum), sbr. 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eiga við um allt land innan þjóðgarðsins. Í þeim lið er kveðið á um að uppgæðsla lands á verndarsvæðum falli í B flokk en slíkar framkvæmdir, hverjar talið er að kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þarf að meta hverju sinni með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum.

Í ofangreindu felst að framkvæmdaraðili skal tilkynna Skipulagsstofnun um fyrirhugaða framkvæmd. Með tilkynningunni skulu lagðar fram upplýsingar um framkvæmdina og líkleg umhverfisáhrif hennar á umhverfið o.fl. Skipulagsstofnun skal svo taka ákvörðun, m.v. gefnar forsendur, hvort hin fyrirhugaða uppgæðsla skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Þá kemur fram í 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, að við ofangreindar aðstæður skuli og afla framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar en í 1. másl. þeirrar greinar segir: „Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.“

Af ofangreindu má sjá að með því að stofnaður verði Hálendisþjóðgarður liggur fyrir að landgræðsluframkvæmdir allar verða á svæðinu tilkynningar- og leyfisskyldar mjög umfram það sem nú er. Ekki er unnt að gefa sér þær forsendur að framkvæmdir verði ávalt heimilar og að lágmarki ljóst að tímafrekara verður að hefja þær sem og að umtalsverður tími starfsmanna mun fara í að undirbúa tilkynningar og fylgigögn sem og að töluverðir fjármunir munu óhjákvæmilega fara í þetta ferli.

Landgræðslan hvetur til þess að þetta ferli verði einfaldað eins og hægt er enda endurheimtaraðgerðir innan þjóðgarðsmarka hvoru tveggja í samræmi við markmið frumvarpsins sem og að þær eru til þess fallnar að styrkja byggð og búsetu á nærsvæðum, enda það iðulega í höndum bænda eða félagasamtaka sem hálendið nýta að stunda uppgræðsluáðgerðir á einstökum svæðum og má í því sambandi nefna samræmi við 5. tölulið 3. gr. og 2. mgr. 20. gr. Er þetta og vilji þeirra sem frumvarpið sömdu enda segir í greinargerðinni um þetta málefni: „Áratuga hefð er fyrir starfrækslu félaga og sjálfbóðaliðastarfi, meðal annars í tengslum við nýtingu hálendisins og uppgræðslu og endurheimt vistkerfa. Afar mikilvægt er að þetta starf dafni áfram og vinni með þjóðgarðinum að því að auka áfram veg svæðisins og varðveita verðmæti þess.“

Mögulega mætti skoða það að tilgreina einhvern lágmarkshektarafjölda í lið 1.08 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum til þess að matsskyldar teldust framkvæmdirnar. Einnig mætti skoða möguleikana á því að færa lið 1.08 úr flokki B í flokk C, en með því móti væri matsskyldan færð yfir til sveitarfélaga, sem hefðu og á hendi útgáfu framkvæmdaleyfis.

Í öllu falli er þess farið á leit að Alþingi tryggji að með því mikla framfaramáli sem stofnun Hálendisþjóðgarðs getur verið, ef vel tekst til, verði það ekki til þess að óþarfar tafir og takmarkanir verði settar á nauðsynlegar landgræðsluframkvæmdir innan sama svæðis.“

Landgræðslan vísar til ofangreinds og hvetur til þess að stærðarviðmið verði sett í lið 1.05 fyrirbyggjandi frumvarps til þess að tryggja sem hnökralausast framhald og aukningu þeirra uppgræðsluframkvæmda sem stundaðar eru af fjölmörgum aðilum á landi sem er eða síðar kann að verða að verndarsvæði. Þá verði sérstaklega tekið tillit til þess að Landgræðslan hefur endurheimt vistkerfa að meginmarkmiði skv. lögum og velta má upp hvort endurheimt tapaðra náttúrugæða eigi að vera leyfis- og/eða tilkynningarskyld, heldur sé frekar hvatt til slíkra aðgerða.

Virðingafyllt

f.h. Landgræðslunnar



Árni Bragason